

Sp.

543. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1947.

Frá fjárveitinganefnd.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1947 var útbýtt í Sp. 16. október s. l. Hélt nefndin fyrsta fund sinn þ. 23. október og kaus sér þá fyrir formann Gísla Jónsson. Hófust þegar reglulegir fundir í nefndinni. Voru haldnir tveir fundir á dag flesta daga fram til nóvemberloka, þar sem nefndin hafði í hyggju að skila nefndaráliti og tillögum svo snemma, að afgreiða mætti fjárlögin fyrir áramót. En með því, að þáverandi ríkisstjórn hafði beðizt lausnar og allt var enn í óvissu um nýja stjórnarmyndun, þótti ekki gerlegt að afgreiða frv. til 2. umr. fyrr en vitað væri, hvaða ríkisstjórn tæki við, m. a. vegna þess, að sjáanlegt var, að óhjákvæmilegt mundi reynast að hækka allverulega gjaldaliði frv. Varð því nokkurt hlé á störfum nefndarinnar, eða þar til ný ríkisstjórn hafði tekið við völdum. Hófust þá þegar viðræður við hana um afgreiðslu frv. og þó alveg sérstaklega um þá gjaldaliði, sem óhjákvæmilegt var að hækka allverulega, svo og þá, er sýnt var, að setja þurfti inn í frv. vegna nýrra lagafyrirmæla. Tók það að vonum nokkurn tíma fyrir ríkisstjórnina að koma sér saman um afgreiðslu þeirra mála, en nefndin gat þó jafnframt haldið áfram afgreiðslu á hinum ýmsu greinum frv. Nefndin hefur þannig haldið alls 88 fundi. Bárust til hennar alls 460 erindi snertandi fjárlagaafgreiðsluna, og voru þau öll athuguð og rædd. Aflaði nefndin sér margvíslegra upplýsinga í sambandi við þessi mál öll, svo og í sambandi við ríkisreksturinn í heild.

Í nefndaráliti fjvn. frá síðasta aðalþingi, þskj. 309, var sérstaklega bent á, að það mundi léttu mjög störf fjárveitinganefndar, ef fyrir lægi hverju sinni með fjárlagafrumvarpinu skrá yfir starfsmenn ríkisins og laun þeirra sundurliðuð, og jafnframt óskað eftir því, að þessi háttur yrði á hafður framvegis. Þessari sjálfsögðu ósk nefndarinnar hefur þó eigi verið mætt. Að vísu var henni afhent fullkomin sundurliðuð launaskrá yfir þá föstu starfsmenn ríkisins, sem laun taka samkvæmt hinum ýmsu greinum fjárlaganna, en bæði er það, að sumir starfsmenn taka laun eftir fleiri en einni grein, og auk þess taka þessir sömu menn laun sem aukatekjur eftir ýmsum öðrum leiðum hjá ríkissjóði, svo að ógerlegt er fyrir nefndina að fá af þessum gögnum nokkurt heildaryfirlit yfir laun starfsmanna ríkisins almennt. Að vísu aflaði nefndin sér margvíslegra upplýsinga um þessi atriði frá ýmsum stofnunum, sem staðfestu, að þrátt fyrir miklar kjarabætur, sem starfsmenn ríkisins fengu með nýju launalögunum, hefur enn haldizt mikill hluti aukatekna, og hefur ósamræmið í launagreiðslum ef til vill aldrei verið meira en nú. Er því ber-sýnilegt, að mjög aðkallandi er að færa greiðslurnar í það kerfi, að unnt sé fyrirhafnarlítið að sjá, hvað hver starfsmaður ríkisins hefur í samanlagðar tekjur frá ríkissjóði fyrir störf sín. Vill nefndin leggja á það áherzlu, að slíku kerfi verði nú þegar komið á, þar sem það er að hennar dómi frumskilyrði fyrir hagkvæmari skipu-lagningu starfrækslunnar í hinum ýmsu stofnunum ríkisins. Nefndin telur, að það sé svo aðkallandi nauðsyn, eins og hún og bentu á í fyrrnefndu nefndaráliti, að færa niður rekstrarkostnað ríkisbáknsins í heild, og að umbætur í þá átt megi ekki draga, enda hefur hvað eftir annað komið fram fullur þingvilji um þetta atriði sérstaklega.

Skal nú vikið að breytingartillögum við einstakar greinar.

TEKJURNAR.

Við áætlun tekna hefur nefndin haft til hliðsjónar yfirlit yfir ríkistekjurnar árið 1946, en það ár námu þær allt að 200 millj. króna. Helztu tekjuliðirnir urðu sem hér segir: Verðtollur rúmlega 62 millj., tekju- og eignarskattur tæpar 36 millj., ágóði af áfengissölu 38,65 millj. og ágóði af tóbakseinkasölu 16,78 millj.

Enn sem komið er er engin vísu fyrir sölu afurða á þessu ári, og er því nokkuð í óvissu um tekjur ríkissjóðs. En með tilvísun til þess, að nýjum atvinnutækjum hefur verið komið upp á þ. á., og önnur, sem fyrir voru, aukin á ýmsan hátt, svo og að það, sem er af árinu, hefur afli verið með bezta móti, má gera sér vonir um, að útflutningsverðmætin verði föluvert meiri en á s. l. ári, ef samilega tekst um sölu afurðanna.

2. gr.

Með tilvísun til þess, sem hér hefur verið tekið fram, svo og með hliðsjón af tekjunum ríkisins á s. l. ári, leggur nefndin til, að töluliður 4 (verðtollur) verði hækkaður um 8 millj. króna. Hún telur hins vegar ekki fært að leggja til, að aðrir liðir þessarar greinar verði áætlaðir hærri en gert er í frv., að óbreyttum lögum um tekjuöflun.

3. gr.

Nefndin leggur til, að tekjuáætlun samkvæmt þessari grein verði hækkuð um 22 955 000 kr., sem sundurliðast þannig:

Brúttótekjur póstsjóðs	kr. 800 000
Brúttótekjur landssímans	— 3 500.000
Rekstrarhagnaður áfengissölnunnar	— 11 915 000
Rekstrarhagnaður tóbakseinkasölu	— 6 940 000
	kr. 23 155.000
÷ Hækkun á framlagi til notendasíma í sveitum	— 200 000
	Nettó kr. 22 955 000

Af þeim upplýsingum, sem fyrir lágu um rekstrarafkomu pósts og síma, var nefndinni fullkomlega ljóst, að sá rekstrarjöfnuður, sem hér er gert ráð fyrir, næst ekki nema alveg sérstakar ráðstafanir verði gerðar, bæði um tekjuöflun og sparnað í rekstrargjöldum. En með því að sérstakri nefnd hefur verið falið að athuga þessi mál og koma fram með tillögur til úrbóta og þegar hafa verið gerðar nokkrar raunhæfar ráðstafanir til frekari tekjuöflunar, þótti fjvn. rétt að áætla rekstur þessara stofnana hallalausar, enda ber að stefna að því, að halli verði ekki á þessum rekstri.

Tillögur til hækkunar á ágóða af áfengisverzlun og tóbakseinkasölu eru gerðar með hliðsjón af afkomu þessara fyrirtækja á s. l. ári, auk þess sem útsöluverð á tóbaki og áfengi hefur nú verið hækkað allverulega.

Nefndin sá sér ekki fært að hækka áætlaðar tekjur af rekstri landssmiðjunnar, eftir þær upplýsingar, sem fyrir lágu frá stjórn hennar, sem mætti hjá nefndinni á fundi. En nefndin vill alvarlega benda á, að óhjákvæmilegt er að skipuleggja þennan rekstur ríkisins nú þegar, svo að hér verði á stór og fljót umskipti til batnaðar. Í sambandi við þetta mál vill nefndin einnig benda á, að óselt mun vera nýtt efni til bátabygginga fyrir nær 2 millj. króna, er ríkissjóður hefur fest fé í og nauðsynlegt er, að selt verði sem allra fyrst.

GJALDABÁLKURINN.

3. gr.

Nefndin leggur til, að framlag til notendasíma í sveitum verði hækkað um 200 þús. kr. Þörfin fyrir síma í sveitum og eftirspurnin er svo gífurleg, að ekki þótti annað fært en reyna að bæta úr þessu eftir megni. Eftir því sem fólkinu fækkar á bæjunum, verður nauðsynin meiri fyrir notendasímana, enda mun reynslan hafa sýnt, að engar aðrar aðgerðir af hendi ríkisvaldsins til þess að fyrirbyggja flutning fólksins úr sveitunum hafa komið að betra haldi eða kostað minna fé, miðað við tilkostnað.

Nefndin hafði til athugunar erindi frá póst- og símamálastjórninni um 500 þús. kr. framlag til stækkunar stutthylgjustöðvar í Gufunesi. Var talið rétt að fresta fullnaðarákvörðun um þetta atriði, þar til við 3. umræðu.

10. gr.

Nefndin leggur til, að framlög vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum verði hækkuð um 175 þús. krónur. Samkvæmt upplýsingum, sem lágu fyrir, eru árstíllög og sjóðs-tillag um 220 þús. kr., svo að óhjákvæmilegt er að hækka þennan lið.

11. gr.

Nefndin leggur til, að gjöld samkvæmt þessari grein verði lækkuð um rúmlega 374 þús. krónur. Af þeirri upphæð er um 30 þús. kr. lækkun á kostnaði við fiski- og síldarmat, sem áætlað er í ferðakostnað, en þar sem sérstaklega eru veittar 80 þús. kr. á öðrum lið til sameiginlegra ferðalaga matsmanna, þótti rétt að leggja

til, að þetta yrði fellt niður. Tillögur lágu fyrir frá freðfisksmatsstjóra um nærri 300 þús. kr. framlag til freðfisksmatsins, en það er nærri tvöföld sú upphæð, sem áætlað var í síðustu fjárlögum fyrir saltfisks- og freðfisksmat sameiginlega. Gat nefndin ekki fallizt á þessar tillögur. Hún vill hins vegar benda á, að mjög nauðsynlegt er að taka allt þetta mál nú til rækilegrar athugunar og koma mati á framleiðsluvörum í miklu fastara form og helzt undir eina yfirstjórn. Mætti á þann hátt spara fé og jafnframt auka öryggið í þessum málum.

Kostnaður við húsaleigunefndir er lagt til, að verði lækkaður um 50 þús. kr., og er hann þó 20 þús. kr. hærri en á síðustu fjárlögum. Telur nefndin, að stefna beri að því, að þessi gjaldaliður falli alveg niður.

Þá gerir nefndin tillögur um breytingu á kostnaði vegna eftirlits viðskipta- og verðlagsmála, þannig að allur kostnaður af þessum málum verði greiddur af því $\frac{1}{2}\%$ gjaldi, sem lagt er á gjaldeyris- og innflutningsleyfi, og telur, að fengnum upplýsingum, að það gjald nægi til að mæta þeim kostnaði.

Nefndin vill einnig leyfa sér að benda á, að kostnaður við rekstur borgardómara- og borgarfégetaembættanna hefur nokkuð aukizt, vegna þess að bætt hefur verið einum nýjum fulltrúa í hvort embætti. Þótt nefndin leggi ekki til, að þessi kostnaður verði lækkaður aftur, vill hún þó taka það fram, að þetta er gagnstætt því, sem fullyrt var, þegar embætti lögmanns var skipt á sínum tíma, að það ætti engan kostnað að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð.

12. gr.

70 þús. króna lækkun á lið V. er aðeins leiðrétting, vegna þess að upphæðin er greidd af almannatryggingunum. Er þetta gert í samráði við þá stofnun.

Hækkunin, 100 þús. kr., stafar hins vegar af knýjandi nauðsyn til þess að koma nokkuð áleiðis byggingu á sjúkrahúsi á Akureyri.

13. gr.

Í fjárlagafrv. hafði framlag til nýrra vega verið lækkað um nærri 2,5 millj. kr. frá því, sem veitt var á síðustu fjárlögum. Upplýst var af vegamálastjóra, að unnið hefði verið í 22 vegum á s. l. ári fyrir 1 millj. 852 þús. kr. fram yfir fjárveitingu og í 12 vegum fyrir 94 þús. kr., eða alls fyrir um 2 millj. kr. Var sýnt, að erfitt mundi að draga svo mjög úr þessum framkvæmdum á þessu ári, enda mörgum af hinum meiri háttar veg framkvæmdum engan veginn lokið. Ríkisstjórnin féllst því á, að tillag til nýrra vega yrði hækkað upp í 7 millj. króna. Vegamálastjóri hafði gert tillögur til nefndarinnar um 9 millj. kr. framlag til nýrra vega og sent með tillögunni sundurliðun á þeirri upphæð. Samkvæmt beiðni nefndarinnar gerði hann og tillögur um sundurliðun á 7 millj. kr. og tók jafnframt fram, að hann óskaði eftir því, að af þeirri upphæð yrði varið 775 þús. kr. til endurgreiðslu á fé, sem unnið hafði verið fyrir umfram fjárveitingu á s. l. ári. Gat nefndin ekki fallizt á þá tillögu vegamálastjóra. Hún leggur því til, að framlag til nýrra vega verði hækkað um 2 millj. 275 þús. kr. frá því, sem er í frv., og fénu skipt á þann hátt, sem lagt er til í breytingartillögunum.

Vegamálastjóri sendi nefndinni skrá yfir geymslufé til nýbygginga vega. Samkvæmt þeirri skrá eiga 26 vegir inni geymslufé, er nemur 948 þús. kr. Fé þetta mun þó ekki vera geymt á sérstökum reikningi, heldur hafa verið notað til vegagerða á öðrum stöðum, upp á væntanlegt samþykki á endurgreiðslu á þessa árs fjárlögum. Mest af þessu fé eru smáar upphæðir, og mun vegamálastjóra hafa þótt óráðlegt að hefja framkvæmdir á þeim vegum, sem litlu framlagi höfðu yfir að ráða, og því þótt réttara að láta féð ganga til að koma áleiðis færri vegum, einkum þar sem svo stóð á, að vinna mátti með vélum eða ljúka mætti vegi á árinu. Það er að sjálfsögðu ekkert við slíka tilfærslu að athuga, ef féð er aðeins fært á milli vega innan sama héraðs, enda þá oftast unnt að fá um það samkomulag, en nefndin vill leggja áherzlu

á, að framvegis verði þessi háttur ekki hafður á um tilfærslu á vegafé gegn mót-
mælum viðkomandi aðila.

Í fjárlagafrv. er framlag til nýrra brúa áætlað 1,5 millj. króna. Nefndin leggur til, að þessi upphæð verði hækkuð um 1 millj. og fénu skipt á þann hátt, sem lagt er til í brtt. Er það og samkvæmt tillögum vegamálastjóra. Með því að í þessari upphæð er ekkert ætlað til Þjórsárbrúar, en lofað hefur verið, að hún skuli byggð að nýju, mun nefndin athuga það mál sérstaklega fyrir 3. umræðu. Samkvæmt heildarskrá yfir geymslufé til brúargerða, er nefndin hefur fengið, nemur sú upphæð alls 690 þús. kr. Er mest af þessu fé fyrri fjárveitingar, sem ekki hafa nægt til að fullgera mannvirkin eða jafnvel til að byrja á þeim. Þá er og upplýst, að töluvert fé hafi verið notað til brúargerða á s. l. ári fram yfir fjárveitingu, og að það mundi verða tekið á aukafjárlög 1946.

Nefndin leggur til, að framlag til ræktunarvega verði hækkað um 2 þús. kr. og því skipt samkvæmt brtt.

Upphæðin til flóabáta leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að hækkuð verði um rúmlega 400 þús. krónur frá því, sem er í fjárlagafrv. Fjárveitinganefnd hefur óskað eftir að ræða þetta mál nánar við samvinnunefndina og frestar því endanlegri ákvörðun um þetta atriði til 3. umr.

Í áætlun forstjóra skipaútgerðarinnar til fjárveitinganefndar um rekstrar-
kostnað strandferða er tekinn upp útgjaldaliður að upphæð rúmlega 250 þús. kr. til að mæta tapi á upp- og útskipun á vörum. Þótt nefndin leggi ekki til, að heild-
arupphæðin til strandferða verði lækkuð, þá vill hún þó benda á, að stefna verður að því, að upp- og útskipun á vörum verði rekin hallalaust, og væntir hún þess, að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess, að svo megi verða.

Í fjárlagafrv. er 4 millj. króna til hafnar- og lendingarhóta. Nefndinni er ljóst, að það er engan veginn hægt að komast af með þessa upphæð. Á ýnisum stöðum á landinu eru hafnarframkvæmdirnar svo aðkallandi, vegna stækkunar fiskiflot-
ans, að þeim verður tæplega frestað, auk þess sem víða hefur þegar verið unnið fyrir svo mikið fé, að ógreiddur hluti ríkissjóðs mun nema allt að þeirri upphæð, sem áætluð er á fjárlagafrv. Nefndin leggur því til, að þessi upphæð verði hækkuð um 3 millj. króna og fénu skipt eins og lagt er til í brtt. Hefur nefndin haft sam-
ráð um þetta við ríkisstjórnina og vitamálastjóra. Með því að fé það, sem fyrir hendi verður til útlána úr hafnarbótasjóði, verði notað þar, sem þörfin er mest, telur nefndin, að komast megi á þessu ári yfir mestu örðugleikana, þótt henni sé vel ljóst, að mun meira fé hefði verið æskilegt að ætla til þessara framkvæmda.

Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 800 þús. kr. til hafnarbótasjóðs. Endurgreiðsla til sjóðsins skv. lögum er á þessu ári 1,5 millj. kr. Nefndin leggur því til, að þessi upp-
hæð verði hækkuð um 700 þús. krónur.

Í fjárlagafrv. eru rúmar 4 millj. kr. til rekstrar flugmála. Er þetta 3,3 millj. kr. meira en í fjárlögum s. l. ár. Nefndin hefur ekki gert tillögur um lækkun á þess-
um liðum, enda upplýsti flugmálastjóri, að kostnaðurinn mundi verða mun hærri á þessu ári en áætlað er, og mæltist mjög til frekari hækkunar. Af gögnum þeim og upplýsingum, sem nefndinni voru látin í té, er engan veginn útilokað, að unnt sé að afla flugvöllum nokkurra frekari tekna, t. d. af benzini, sem selt er til flugvéla, eða jafnvel að hækka lendingargjöldin. Þá þykir og sjálfsagt að endurbæta svo rekstur gistihússins, að þar verði af nokkur gróði, en ekki tap. Vill nefndin mjög mælast til þess, að mál þessi verði tekin til rækilegrar athugunar.

14. gr.

B. Kennslumál.

Nefndin leggur til, í samráði við ríkisstjórnina, að töluverðar breytingar séu gerð-
ar á þessum kafla greinarinnar. Stafa þær breytingar að langmestu leyti af hinni nýju fræðslulöggjöf. En með henni eru lagðar þungar kvaðir á ríkissjóð í sambandi

við byggingu nýrra skólahúsa. Nokkrar aðrar minni háttar breytingar er lagt til, að gerðar séu vegna annarra aðkallandi þarfa.

Með tilvísun til þessa er lagt til, að eftirfarandi nýjum liðum sé bætt inn í frumvarpið: 25 þús. kr. til útgáfu nýrra kennslubóka í siglingafræði, — 5 þús. kr. til kaupa á skólaáhöldum fyrir bændaskólann á Hólum, — 100 þús. kr. til viðgerðar á fjósi á Hvanneyri, sem talið er, að ekki sé unnt að fresta lengur, — 40 þús. kr. til viðgerðar á rafmagnsstöðinni á Eiðum, gegn 12 þús. króna framlagi frá ríkisútvarpinu, og hefur verið samið um það við þá stofnun, — 50 þús. kr. til undirbúnings þátttöku í Olympíuleikum 1948, — og 6 þús. kr. til Sigursveins Kristinssonar. Er það sama upphæð og í síðustu fjárlögum. Þá leggur nefndin til, að eftirfarandi liðir verði hækkaðir frá því, sem áætlað er í frumvarpinu: Námsstyrkir til sveitastúlkna, er nema við Kvennaskólann í Reykjavík, 2500 kr., — til byggingar barnaskóla 2.5 millj. kr., — til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla 3.5 millj. kr., — til byggingar húsmæðraskóla 700 þús. kr., — til húsmæðrakennaraskólans, leiðrétting á rekstrargjöldum, 18960 kr., — til Íþróttasjóðs 300 þús. kr., — til háskólastudenta (námsstyrkir) 15 þús. kr., — og til rannsókna á þroskastigi barna 10 þús. kr. Þá er enn fremur lagt til, að „annar kostnaður“ við garðyrkjuskólann á Reykjum verði lækkaður um 3000 kr., sem áætlað er af skólastjóra til risnu í skólanum.

15. gr.

Þá leggur nefndin til, að eftirfarandi liðir verði hækkaðir í þessari grein: Til viðgerðar á Hólakirkju 88 þús. kr., sem ætlað er til að koma nýju koparþaki á kirkjunna, og 20 þús. kr. til umbóta á Þingvöllum. Enn fremur leggur nefndin til, að eftirfarandi nýir liðir verði teknir inn í frumvarpið: Til tveggja bókasafna (rekstrarstyrkir) 3500 kr., — til fjögurra bókasafna (byggingarstyrkir) 50 þús. kr., — til að þýða rit Jóns Dúasonar 25 þús. kr., — til Björns Guðfinnssonar (endurveiting) 30 þús. kr., — til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn jafnmiklu framlagi úr sáttmálasjóði, 43500 kr., — til útgáfu á Olgeirsrímum, til heiðurs W. Craigie, 20 þús. kr., — til Stúdentsambands Íslands 15 þús. kr., — til Leikfélags Akureyrar, vegna sýningar á „Skálholt“, 3000 kr., — til Lúðrasveitar Akureyrar, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að, 10 þús. kr., — og til Páls Kr. Pálssonar, til tónlistarnáms, 6 þús. kr.

Þá leggur nefndin til, að 87 þús. kr. liður til vísinda- og fræðimanna falli niður.

Þótt nefndin geri ekki tillögur um lækkan útgjalda í sambandi við B-kafla þessarar greinar (Atvinnudeild háskólans), vill hún þó benda á þá gífurlegu hækkan, sem hér hefur á orðið, miðað við fjárlög s. l. árs. Kostnaðurinn við hinar ýmsu deildir háskólans hefur hækkað sem hér segir: Við iðnaðardeild um tæp 120 þús. kr., — við landbúnaðardeild tæp 300 þús. kr., — við rannsóknarstofu háskólans um 55 þús. kr., — og sameiginlegur kostnaður 30 þús. kr., eða alls nærri 500 þúsund krónur. Við fiskideildina eina er kostnaðurinn nokkru lægri en áður, sem stafar af því, að einn starfsmaður deildarinnar var ráðinn að náttúrugripasafninu. Nefndin átti ýtarlegar viðræður við rannsóknaráð og deildarstjórana um þessi mál, sem flestir höfðu aðeins fram að færa nýjar útgjaldakröfur og sumar í allstórum stíl og töldu stofnunina algerlega óstarfhæfa á ýmsum sviðum, nema þeim kröfum yrði mætt. Nefndin vill ekki á þessu stigi leggja neinn dóm á þessi mál, en aðeins benda á, að full nauðsyn er að láta taka málið upp í heild til nákvæmrar yfirvegunar.

Þá vill nefndin einnig benda á þá miklu hækkan, sem orðið hefur á rekstri veðurstofunnar, en kostnaður við rekstur hennar hefur hækkað um nærri hálf milljón króna, eða næstum því tvöfalt frá síðustu fjárlögum. Gildir sama hér og um aðra liði, að forstjórinn taldi framlagið enn mjög of lágt. Er það mjög til athugunar, hvort ekki væri unnt að fá erlenda aðila, svo sem flugfélög, til þess að taka nokkru meiri þátt í kostnaðinum við veðurathuganir, þar sem nauðsynlegt er að hafa þær sem ábyggilegastar vegna flugferða, enda mun kostnaðaraukinn standa í beinu sambandi við aukna þjónustu í þeirra þágu.

16. gr.

Nefndin leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar til hækkunar á eftirfarandi greinum í A-kafla: Framlag til Búnaðarfélags Íslands 200 þús. kr., — til tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins 60 þús. kr., vegna tilraunastöðvarinnar á Reykhólum, — og til fyrirhleðslu við Markarfljót 100 þús. kr. Enn fremur, að teknir verði upp í þennan kafla eftirfarandi nýir liðir: Fyrirhleðslur til 3 staða, samkvæmt brtt. 212 þús. kr., — til verndunar æðarvarpi og uppeldisstöð fyrir æðarfugl 25 þús. kr., — til búvélaverkstæða í sveitum 150 þús. kr., — og til vélsmiðju í Hólmi 10 þús. kr. Þá hefur nefndin og lagt til, að liður til búreikningaskrifstofu yrði lækkaður um 20 þús. kr., og héldist þá sama upphæð á þessum lið og er í fjárl. s. l. árs.

Nefndin leggur enn fremur til, að liður til skógræktar verði lækkaður um 225 þús. kr. frá því, sem áætlað er í frv. Er þá varið til skógræktarinnar á þessari grein nærri 180 þús. kr. meira en á síðasta ári. Beiðni barst nefndinni frá skógræktarstjóra um að taka upp í fjárlögin sérstakan lið til eftirlits með skóglöndum, en með því að gert er ráð fyrir þessu á heildaráætluninni, sá nefndin ekki ástæðu til að sundurliða þetta sérstaklega. Mál þetta var rætt við skógræktarstjóra, sem þá taldi sig geta vel fellt sig við þessa lækkun. Síðar kom þó fram erindi frá honum um hækkun á framlaginu, einkum vegna girðinga um einkalönd og til áhaldakaupa, en nefndin gat ekki fallizt á að verða við þeirri beiðni.

Fyrir nefndinni lágu margar beiðnir um framlög til mjólkurstöðva. Frestaði nefndin, í samráði við ríkisstjórnina, að taka endanlega ákvörðun um þau atriði, þar til við 3. umræðu.

Nefndin vill benda á, að kostnaður vegna veiðimála hefur hækkað um nærri 80 þús. kr. frá fjárl. s. l. árs, eða meira en fjórfaldazt. Ræddi nefndin þetta atriði við veiðimálastjóra, sem ekki taldi unnt að draga úr kostnaðinum. Fór nefndin fram á það, að hann gerði tillögur um sanngjarnt gjald til ríkissjóðs af veiðiám, til þess framvegis að mæta þessum útgjöldum. Þykir eðlilegt, að slíkar tekjur komi á móti, þar sem víðast hvar er verið að gera eignir einstaklinga beinlínis verðmætari með þessum aðgerðum.

Þá barst nefndinni erindi frá forstjóra sauðfjársjúkdómanefndar um nokkra hækkun á útgjöldum til varnar sauðfjársjúkdómum. En með því að nýtt frv. liggur nú fyrir Alþingi um breytingu á gildandi lögum um sauðfjársjúkdómavarnir og búizt er við því, að það nái fram að ganga, en hins vegar ekki vitað, hvaða áhrif það frumvarp, ef að lögum verður, kann að hafa á heildarútgjöld til þessara mála, þótti nefndinni ekki ástæða til að breyta þessum lið.

Þá hefur einnig verið bent á, að jarðabótastyrkurinn, 2,5 millj. kr., mundi of lágt reiknaður í frv. En með því að hér er aðeins um áætlunarupphæð að ræða og alveg óvíst, hver upphæðin verður endanlega, en styrkurinn hins vegar ákveðinn samkv. lögum, þykir ekki ástæða til breytinga á þessu stigi.

Fyrir nefndinni lá erindi frá nýbýlastjórn um 300 þús. kr. hækkun á framlagi samkv. 7. lið c. (byggingarstyrkir samkvæmt núgildandi lögum). En nefndin ákvað að taka ekki endanlega ákvörðun um það atriði fyrr en við 3. umræðu.

Lagt er til, að bætt sé inn nýjum lið í C-kafla (iðnaðarmál), 10 þús. kr. til iðnráðs. Er þetta samkvæmt gildandi lögum og því nánast leiðrétting.

Þá leggur nefndin til, að gerðar séu eftirfarandi breytingar á D-kafla (raforkumál), og hefur hún rætt þær bæði við raforkumálastjóra og ríkisstjórnina: Launagreiðslur undir lið I. er lagt til, að lækkaðar verði um 75 þús. kr. og tekjur hækkaðar um 10 þús. kr. Við lið II. er lagt til, að gerðar séu nokkrar breytingar, en þær hafa ekki áhrif á útkomu gjaldanna. Þá er einnig lagt til, að laun og annar kostnaður samkv. lið III. verði lækkað um 23 þús. kr., en tekjur hækkaðar um 15 þús. kr. Þá leggur nefndin til, að tekinn sé inn nýr liður í þessa grein, til nýrra raforkuframkvæmda, 1 millj. króna. Nefndin hefur ekki talið rétt að sundurliða þessa upphæð, þar sem

gera má ráð fyrir, að raforkuráð geri ákveðnar tillögur um, hvaða framkvæmdir eigi að ganga fyrir á þessu ári, auk þess sem nefndin mun ræða við ríkisstjórnina nánar fyrir 3. umr., hvaða heimildir muni þurfa að taka í 22. gr. til frekari framkvæmda.

17. gr.

Nefndin leggur til, að framlag til Sambands ísl. berklasjúklinga (byggingarstyrkur) verði hækkað um 200 þús. kr. Hún lítur svo á, að hér sé um svo merkilegt starf að ræða, að sjálfsagt sé fyrir ríkissjóð að leggja því verulegt lið, enda vafalaust, að sú upphæð sparast öll með fækkandi berklasjúklingum á hælum landsins. Þá er lagt til, að framlag U.M.F.Í. verði hækkað um 3000 kr. og framlag til byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna um 750 þús. kr. Er sú hækking vegna breyttra laga um aðstoð ríkissjóðs til þessara framkvæmda. Nefndin sá sér hins vegar ekki fært að leggja til, að nýr liður, 900 þús. kr., yrði tekinn upp samkv. III. kafla laganna, með því að engin gögn lágu fyrir um þetta, annað en ábending frá félagsmálaráðuneytinu. Nefndin leggur til, að nýr liður að upphæð 18000 kr. verði tekinn upp til styrktar- og sjúkrasjóða, líkt og í fyrra árs fjárlögum. Þar sem almannatryggingarnar væntanlega taka að sér þetta hlutverk í framtíðinni, er ætlað til, að þessi greiðsla verði aðeins á þessu ári.

Þá leggur nefndin til, að tekinn sé upp nýr liður í þessa grein, endurbyggingarstyrkur vegna v.b. „Sæbjargar“, og verði það lokagreiðsla. Ríkisstjórninni var heimilað með þingsályktun á síðasta ári að greiða 400 þús. kr. til endurbyggingar á „Sæbjörgu“, en með því að sú upphæð hefur reynzt mikils til of lág, þykir nauðsynlegt að hækka framlagið, ef skipið á að verða starfhæft.

Þá leggur nefndin til, að byggingarstyrkur til elliheimilisins Grundar falli niður. Telur nefndin, að með lögum um almannatryggingar sé séð fyrir þessum málum og því ekki nauðsynlegt að taka þennan lið inn í fjárlögin. Þá leggur nefndin til, að kostnaður við barnaverndarráð verði lækkaður um 20 þús. kr., og er þó eftir sama upphæð og var í fjárlögum s. l. árs.

18. gr.

Nefndin leggur til, að nokkrar breytingar séu gerðar á þessari grein, sem að mestu leyti eru til leiðréttingar, og verður gerð nánari grein fyrir því í framsögu.

19. gr.

Í samráði við ríkisstjórnina er lagt til, að tekinn verði í þessa grein nýr liður, að upphæð 35 millj. króna, til dýrtíðarráðstafana og niðurgreiðslu á vörum, sem ganga inn í vísitöluna. Er gert ráð fyrir, að af þeirri upphæð muni þurfa 10 millj. kr. til að greiða mismun á verðlagsvísitölu 290, eins og alls staðar er reiknað með í fjárlagafrumvarpinu, og þeirri meðalverðlagsvísitölu, sem kann að verða á árinu, en 25 millj. kr. verði varið til niðurgreiðslu.

20. gr.

Nefndin leggur til, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á þessari grein: að framlag til nýrra vita verði hækkað um 450 þús. kr. Er það til þess að greiða og koma fyrir ljóstækjum, sem löngu hafa verið pöntuð, en eru nú fyrst komin til landsins. Að hækkað verði framlag til bygginga á prestssetrum um 550 þús. kr. Hefur verið gefið loforð um það að byggja á þessu ári a. m. k. tvö prestsseturshús í Reykjavík, og auk þess var samþykkt með sérstakri þál. á síðasta aðalþingi að flytja prestssetrið frá Stað að Reykhólum. Og að síðustu liggur nú frv. fyrir þinginu, sem er í þann veginn að verða að lögum, en þar er svo fyrir mælt, að byggja skuli allt að 4 prestsseturshús á ári, þar til öll prestssetrin hafa verið hýst sæmilega.

Nefndin leggur til, að tekinn verði upp í þessa grein nýr liður, að upphæð 1 millj. 650 þús. kr., til dýpkunarskipa. Er skip þetta í smíðum og væntanlegt til landsins á þessu ári. Þörfin fyrir slíkt skip við framkvæmdir hafnarmála er svo knýjandi, að ekki má dragast lengur að fá slíkt skip, þar sem það hvort tveggja í senn

kemur til að flýta fyrir framkvæmdunum og gera þær mun ódýrari en ella. Hitt er svo annað mál, hvort ekki ætti að heimila lántöku til slíkra framkvæmda, líkt og til smíði strandferðaskipanna, því að sjálfsgöðu ætti þetta fyrirtæki að hafa nægar tekjur á móti gjöldum, þegar skipið getur tekið til starfa.

Beiðni lá fyrir hjá nefndinni um allt að 500 þús. kr. hækkun á framlagi til Menntaskólans á Akureyri. Ræddi nefndin þetta mál við ráðherra, húsameistara ríkisins og skólameistara og fékk hjá þeim allar upplýsingar. Hún sá sér þó ekki fært að leggja til, að þessi hækkun yrði gerð, en mun ræða málið við ríkisstjórnina, ásamt öðrum atriðum í sambandi við þessa grein, fyrir 3. umræðu.

Með því að ljóst er, að hygging beggja menntaskólanna mun kosta eigi minna en 10 millj. króna, þegar þær eru fullgerðar, kemur það til athugunar, hvort ekki sé rétt að taka sérstakt lán til þessara framkvæmda, sem endurgreiddist á t. d. 40 árum, heldur en að færa ónógar og allt of smáar upphæðir til útgjalda ár hvert, eins og hingað til hefur verið gert.

22. gr.

Nefndin leggur til, að ráðherra sé heimilað að greiða allt að 100 þús. kr. til Þyrjunarframkvæmda á brúargerð á Skjálfandafljóti í Bárðardal. Var stjórninni á síðasta aðalþingi heimilað að láta flytja gömlu Ölfusárbrúna og koma henni upp á þessum stað, og hefur ráðherra óskað eftir þessari heimild, úr því að ekki er lagt til, að upphæðin verði tekin inn í fjárlögin á 13. gr. En af þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er mjög vafasamt, að gerlegt sé eða hagkvæmt að nota efnið úr gömlu Ölfusárbrúnni í nýja brú, og væntir nefndin þess, að það sé að fullu rannsakað, áður en lagt er í kostnað á flutningnum, og að verkið verði ekki framkvæmt, nema það þyki, að undangenginni rannsókn, öruggt að svara kostnaði.

Þá leggur nefndin til, að tekin sé upp í þessa grein heimild til þess að lána Jóni Leifs tónskáldi 60 þús. kr. til endurprentunar á tónverkum hans.

Rætt hefur verið við ráðherra um öflun tekna til að mæta rekstrarhalla á fjárlagafrumvarpinu. Kvaðst hann mundu athuga það fyrir 3. umræðu, er betur sé ljóst, hvaða afgreiðslu frv. fær við 2. umr., og mun stjórnin þá afla sér heimilda til tekjuöflunar, ef nauðsyn krefur, áður en endanlega er gengið frá afgreiðslu fjárlaganna.

Hér er að síðustu heildaryfirlit yfir þær breytingar, sem nefndin leggur til, að gerðar verði á frv.:

Hækkun tekna samkv. 2. gr.	kr. 8 000 000.00
Hækkun tekna í 3. gr.	— 22 955 000.00
	<u>Kr. 30 955 000.00</u>
Þar frá dregst:	
Hækkun gjalda í 3. gr.	— 200 000.00
	<u>Tekjuhækkun alls kr. 30 755 000.00</u>
Hækkun gjalda alls	kr. 52 743 693.90
÷ lækkun gjalda alls	kr. 991 911.30
	<u>Gjaldahækkun alls kr. 51 751 782.60</u>

Eignabreytingar.

Hækkun útborgana samkv. 20. gr. er samkvæmt tillögum nefndarinnar 2 millj. 350 þús. kr.

Ef tillögur nefndarinnar verða allar samþykktar, munu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins verða á þessa leið:

Rekstraryfirlit.

Tekjur	kr. 167 039 679.00
Gjöld	kr. 197 878 591.60
Rekstrarhalli	— 30 838 912.60

Sjóðsyfirlit.

Útborganir	kr. 216 608 419.60
Innborganir	— 170 936 179.00
	<hr/>
Greiðslujöfnuður	kr. 45 672 240.60

Um breytingartillögurnar vill nefndin taka það fram, að fyrir þeim öllum er meiri hluti í nefndinni, þótt einstakir nefndarmenn séu andvígir sumum þeirra, og eru þeir því óbundnir í atkvæðagreiðslu um þær, þótt þær séu fluttar af nefndinni í heild.

Ásmundur Sigurðsson og Steingrímur Aðalsteinsson láta þess getið, að þeir muni bera fram breytingartillögur um ýmis þau atriði, sem þeir hafa mælt með í nefndinni, en ekki fengið samþykkt. Sömuleiðis áskilja þeir sér rétt til að greiða atkvæði með breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Þeir skrifa því undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 18. marz 1947.

Gisli Jónsson, form., frsm.	Sigurjón Á. Ólafsson, fundaskr.	Ingólfur Jónsson.
Pétur Ottesen.	Helgi Jónasson.	Halldór Ásgrímsson.
Steingr. Aðalsteinsson, með fyrirvara.	Ásmundur Sigurðsson, með fyrirvara.	Sigurður Kristjánsson.